



## Kynsjúkdómar sækja í sig veðrið

Eins og fram kemur í eftirfarandi tölum um fjölda helstu kynsjúkdóma hér á landi virðast þeir sækja í sig veðrið um þessar mundir. Á þetta einkum við um sárasótt og lekanda. Þessi þróun hefur átt sér stað bæði austan hafs og vestan.

Leitað hefur verið skýringa á þessu og er helst nefnt að ónógu fjármagni sé varið til forvarna ásamt breyttu viðhorfi karla sem hafa mök við karlmenn, en þeir eru í mestri hættu á að sýkjast af sárasótt og HIV. Í upphafi alnæmisfaraldursins í byrjun níunda áratugar síðustu aldar var lögð áhersla á smokkanotkun við kynmök og fækkun rekkjunauta. Hins vegar er talið að slaki hafi komið í þessar einföldu forvarnaáðgerðir eftir að öflug meðferð gegn HIV-sýkingu kom til sögunnar. Að auki hefur verið bent á þá staðreynd að sumir sem eru ósýktir af völdum HIV noti lyfin gegn

veirunni (*preexposure prophylaxis-PrEP*) í forvarnarskyni og að hinir sem sýktir eru velji sér gjarnan rekkjunauta sem einnig eru sýktir. Hvort tveggja hafi þetta stuðlað að minnkandi notkun smokka og þannig rutt brautina fyrir aðra kynsjúkdóma eins og sárasótt og lekanda.

Sóttvarnalæknir telur mikilvægt að vekja athygli á þessari þróun, einkum meðal þeirra sem teljast til áhættuhópa. Huga verði að því að smokkar séu ávallt aðgengilegir á viðráðanlegu verði og að skimun fyrir kynsjúkdómum verði tryggð í mæðravernd og meðal annarra hópa sem eru í sérstakri áhættu.

### Sárasótt

Það sem af er árinu 2016 hafa 16 tilfelli af sárasótt verið greind á Íslandi, sem staðfestir umtalsverða



aukningu á sjúkdómum á undanförunum tveimur árum, sjá mynd 1. Af þessum 16 einstaklingum voru 14 karlmenn en konur voru tvær. Árið 2015 greindust 27 manns með sjúkdóminn, þar af 24 karlmenn og þrjár konur. Flestir þeirra sem sýktust þá voru karlar sem stunda kynlíf með öðrum körlum. Ein barnshafandi kona greindist með sýkingu af völdum sárasóttar, en slík sýking getur valdið skaða á fóstri ef hún er ómeðhöndluð.

### Lekandi

Fleiri tilfelli af lekanda hafa greinst á þessu ári en á sama tíma í fyrra, sjá mynd 2. Flestir sem greindust eru karlmenn, eða 86%.

### Klamydía

Fjöldi klamydíusýkinga var svipaður fyrstu fimm mánuði ársins 2016 miðað við árið á undan enda þótt



### Efni:

Kynsjúkdómar sækja í sig veðrið  
Hettusótt  
Sóttvarnaáætlun fyrir hafnir og skip

### bls.

1  
2  
3

### Ritstjórn



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.  
Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Íris Marelsdóttir  
Jónína M. Guðnadóttir

### Ritstjóri

Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

### Embætti landlæknis Sóttvarnalæknir

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími 5101900  
Bréfasími 5101920  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is



sveiflur milli mánaða væru meiri, sjá mynd 3. Kynjaskiptingin er jafnari en hvað varðar lekandann, en um 43% hinna sýktu eru karlmenn.

### HIV / alnæmi

Það sem af er árinu 2016 hafa 16 einstaklingar greinst með HIV-sýkingu, sjá mynd 4, þar af þrír með alnæmi.

Áhættuþættir tengdust kynlífi gagnkynhneigðra í sex tilvikum en kynlífi samkynhneigðra í þremur tilvikum. Fimm karlmenn og tvær konur höfðu sögu um fíkniefnaneyslu í æð.

Athygli vekur að fleiri hafa greinst með HIV-sýkingu það sem af er þessu ári en á öllu árinu 2015. Helmingur þeirra sem greindust eru af erlendu bergi brotinn.

Meðalaldur þeirra sem greinst hafa á árinu er nokkuð hár, eða 44 ár (24–50 ára). Ástæður sýkinga eru mismunandi. Óvenju margir með áður óþekkt smit greindust með alnæmi, lokastig sjúkdómsins, sem bendir til þess að viðkomandi hafi gengið með óþekkt smit í talsverðan tíma.


## Hettusótt

Á árinu 2015 greindust 77 einstaklingar með hettusótt. Af þeim sem greindust með hettusótt það ár voru langflestir á aldrinum 20–35 ára (meðalaldur 27 ára) og flestir karlmenn (65%). Hettusóttarfaraldurinn hófst í apríl 2015 og náði hámarki í júní það ár, sjá mynd 5. Um fimmtungur þeirra sem greindust með sjúkdóminn voru með sögu um a.m.k. eina bólusetningu gegn hettusótt og er það í samræmi við fyrri fréttir um að bóluefnið gegn hettusótt veiti minni vernd en bóluefnið gegn mislingum og rauðum hundum sem eru í sömu sprautu.

Hvatt var til þess að allir sem fæddir eru

eftir 1980 og voru óbólusettir létu bólusetja sig gegn sjúkdóminum. Eftir það fjaraði undan sjúkdóminum þótt reyndar hafi enn greinst einstaklingar með hettusótt (samals átta) það sem af er þessu ári, en tilfellum fór þó fækkaði.

Fjórir af þeim átta sem greindust með hettusótt í ár voru á aldrinum 4–17 ára og höfðu fengið eina bólusetningu. Aðrir



voru á aldrinum 33–43 ára og voru óbólusettir. Ætla má að þetta séu eftirhreytur hettusóttarfaraldursins frá 2015.



## Sóttvarnaáætlun fyrir hafnir og skip

Vinna er hafin við gerð sóttvarnaáætlunar fyrir hafnir og skip, en komum skemmtiferðaskipa til Íslands hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og spár gera ráð fyrir enn frekari aukningu. Árið 2015 komu 435 skip til landsins og farþegar voru rúmlega 290 þúsund. Þar sem skip fara á fleiri en eina höfn á Íslandi eru sumir farþegar taldir oftari en einu sinni í þessari tölu. Á [vef Faxaflóahafna](#) kemur fram að þann 29. júlí nk. verða sex skemmtiferðaskip í Faxaflóahöfnum og skráðir farþegar þeirra eru rúmlega 2.400 án áhafna, en með áhöfnum er fjöldinn um 4000 manns.

Sóttvarnaáætlun fyrir hafnir og skip er ritstýrt af sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra í samstarfi við Hafnasamband Íslands, Samgöngustofu, Tollstjórnann, Landhelgisgæsluna, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Leitað verður áhlits hjá fleiri aðilum er málið varðar.

Íslandi er skipt í sjö sóttvarnaumdæmi og gerir áætlunin ráð fyrir að í hverju umdæmi verði höfn sem geti tekist á við sóttmengun sem ógnar lýðheilsu. Stefnt er að því að áætlunin taki til hafna á



Skemmtiferðaskipið *Costa Fortuna* í höfn á Seyðisfirði sumarið 2015. Um borð voru tæplega 3000 farþegar. Heimild: [www.austurfrett.is](http://www.austurfrett.is)

eftirtöldum stöðum: Faxaflóa, Grundarfirði, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði, Reyðarfirði, Þorlákshöfn og í Vestmannaeyjum og Helguvík.

Áætlunin er unnin samkvæmt tólf kafla sniði almannavarna og verklok eru áætluð um næstu áramót.